

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði.

1. Bannað er að leggja bifreiðum báðum megin Laugarvegjar frá gatnamótum við Suðurgötu suður að húsi nr. 5 við Laugarveg.
2. Bannað er að leggja bifreiðum við vesturbrún Laugarvegjar frá húsi nr. 5 að húsi nr. 28.
3. Bannað er að leggja bifreiðum við austurbrún Laugarvegjar frá húsi nr. 31 suður að gatnamótum við Hafnartún.
4. Bannað er að leggja bifreiðum við vesturbrún Túngötu.
5. Bannað er að leggja bifreiðum við austurbrún Lækjargötu, frá Aðalgötu norður að Eyrargötu.
6. Gránugata skal vera tvístefnuakstursgata frá Grundargötu austur að Tjarnargötu.
7. Hvanneyrarbraut og Hlíðarvegur skulu hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum með biðskyldu svo sem hér segir:
biðskylda á Fossvegi við Hvanneyrarbraut,
biðskylda á Hólavegi við Hvanneyrarbraut,
biðskylda á botnlanga (gamla Hvanneyrarbraut) við Hlíðarveg.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn á Siglufirði, 19. júlí 1983.

Erlingur Óskarsson.